

Trú á eigin námsgetu hjá nemendum af erlendum uppruna



Markmið verkefnisins:

- Að efla trú nemenda af erlendum uppruna á eigin námsgetu.
- Að nemendur af erlendum uppruna standi sig vel í námi
- Að efla sjálfsálit nemenda af erlendum uppruna
- Að vinna markvisst gegn fordómum
- Að finna kveikju að metnaði fyrir nemendur
- Að nemendur finni tilgang með náminu.
- Að auka samvinnu heimilis og skóla

Leiðir sem valdar voru:

- Heimanámsaðstoð við nemendur af erlendum uppruna
- Móðurmálsnámskeið fyrir tvítýngda nemendur af erlendum uppruna
- Þemavika haustið 2016-Fjölbreyttir menningarheimar
- Boðið upp á þjóðarrétti í hádegismat sem eldaðir voru í mötuneyti skólans
- Skólaþing um metnað

Frávik miðað við upphaflega áætlun verkefnisins:

- Sjálfstyrkingarnámskeið ekki sér fyrir nemendur af erlendum uppruna
- Námskeið fyrir foreldra, ekki haldið sérstakt námskeið en boðið upp á kynningu á foreldradögum sl.haust
- Skólaþing-metnaður. Til stóð að hafa yfirskrift skólaþingsins fjölbreyttir menningarheimar en stjórn nemendafélagsins og stjórnendur tóku þá sameiginlegu ákvörðun að hafa yfirskriftina metnaður.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

- Kennendum 4 tungumál, eitt á staðnum en 3 í fjarnámi í gegnum Karaconnect, smá byrjunarörðugleikar vegna vankunnáttu kennaranna á tengingarnar.

Helstu ávinningar:

- Nemendur sem áttu sameiginlegt móðurmál kynntust betur og fóru að tala meira saman á sínu tungumáli. Öðluðust meira sjálfstraust þegar þau upplifðu viðurkenningu og áhuga starfsmanna á þeirra móðurmáli. Við viljum meina að kennslan efla nemendur í námi og styrki og þau séu jákvæðari og áhugasamari.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Verkefnið hefur styrkt þá trú okkar að móðurmálskennsla fyrir nemendur af erlendum uppruna sé styrkjandi fyrir nemendur.
- Móðurmálskennsla: Í fyrsta sinn í vetur bjóðum við tvítýngdum nemendum upp á kennslu, eftir að þeirra stundaskrá lýkur, í sínu móðurmáli. Viðbrögð foreldra á einstaklingsfundum þegar við kynntum fyrir þeim námskeiðin voru framar öllum vonum. Allir vildu þiggja kennsluna og voru sumir fundirnir tilfinningaþrungnir þegar foreldrar áttuðu sig á því að þetta væri í boði. Aðeins einn nemandi, sem er

í 10.bekk og á íslenskan föður en erlenda móður vildi ekki þiggja þessa kennslu, hann nennti ekki að vera lengur í skólanum, eins og hann sagði sjálfur.

Nemendurnir sjálfir hafa mætt vel og eru bestu meðmælin þau að þau glöddust ekki þegar kennarar þurftu að tilkynna forföll.

- Skólaþing: Metnaður, haldið 3.febrúar 2017.

Víkurfréttir: <http://www.vf.is/mannlif/forsetinn-fekk-godar-mottokur-i-vogum/73653>

Nemendafélag Stóru-Vogaskóla hefur ásamt kennurum undirbúið skólaþing síðan í nóvember. Að þessu sinni var yfirskriftin metnaður eða hvernig á að bæta metnað í námi, í lífinu og velta nemendur fyrir sér ýmsum spurningum sem stjórnin hefur undirbúið. Við undirbúning fengu nemendur þá hugmynd að gaman væri að fá einhvern frægan til að „peppa up“ eða halda hvatningarræðu. Efst á lista var forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson. Og.....hann kom, sá og sigraði!

Formaður nemendafélagsins, Jón Gestur Ben Birgisson, setti þingið, nemandi í 10.bekk, Fanney Magnúsdóttir, spilaði á flygil og allir nemendur skólans, rétt um 200 talsins sungu skólasönginn. Að því loknu talaði forsetinn til þeirra allra og hvatti áfram. Síðan fóru nemendur í hópavinnu.

Skólaþingið gekk frábærlega vel og voru allir sammála því að nemendur hefðu verið sjálfum sér til fyrirmyndar. Í huga mér er efst þakklæti til allra sem komu að undirbúningi og framkvæmd þingsins og sáu til þess að eftirvænting og gleði réði ríkjum.

Nemendur í 6.-10.bekk unnu í hópavinnu í 14 hópum, að því loknu skráðu þau niðurstöður hópanna á plaköt. Hópstjórar hafa síðan farið í alla bekk, 1.-10.bekk og kynnt helstu punkta og hafa í sumum bekkjum komið upp ansi skemmtilegar vangaveltur.

- Þemavika-fjölbreyttir menningarheimar:

Yfirskrift þemaviku sem var í vikunni 10.-14. október var fjölbreyttir menningarheimar. Við erum svo heppin að í okkar skóla er stór hópur nemenda ýmist af erlendu bergi brotinn eða hafa búið lengi erlendis. Okkar telst til að nemendur og starfsmenn okkar tengist með einum eða öðrum hætti a.m.k. 10 löndum! Þau eru Ísland, Pólland, Eistland,

Noregur, Danmörk, Tæland, Filippseyjar, England, Bandaríkin og Frakkland. Börnin lærðu ýmislegt af hvert öðru. Í 1.-4.bekk voru t.d. kennd 10 orð í fjórum tungumálum eða sömu orðin á pólsku tælensku, norsku og ensku. Nokkur börn sem töluðu eitt eða fleiri þessara tungumála kenndu tungumálið „sitt“.

Kennari gerði smá könnun og öllum nema einum sem svöruðu fannst tungumálanámið skemmtilegt og notuðu þá lýsingarorðin; skemmtilegt og skrýtið, kennararnir flottir, kennararnir duglegir, mjög gaman, allt gaman, kennarar fínir, dúndurgott, broskallar, tælenskan skemmtilegust, norskan skemmtilegust o. s. frv. Einum fannst bara verst að „pólskukennararnir voru stundum að trufla hvor annan þegar þeir voru að kenna“.



Niðurstöður verkefnisins:

- Móðurmálskennsla: Afgerandi meiri áhugi nemenda á sínu móðurmáli. Sumir eru að læra núna fyrst að hafa einhver samskipti á móðurmáli foreldris sem talar jafnvel litla íslensku. Nemendur hafa lært grunnatriði í móðurmálinu og eru komin mjög mislangt en samskipti þeirra á milli hafa líka haft mikið að segja. Nemendur hafa líka lært sitthvað um menningu og siði þeirra landa sem þau eru ættuð frá og hafa líka notið þeirrar ánægju að miðla til annarra nemenda á þemadögum í haust, bæði tungumáli og menningu. Í vetur var síðan ákveðið að kokkurinn í eldhúsinu eldaði mat sem átti uppruna sinn í þeirra landi og á matseðli hétu réttirnir eftir upprunalandi og var þjóðfáni á borðum í tilefni dagsins.

Heimanámsaðstoð hefur skilað sér í auknum skilningi á orðaforða nemenda í bóknámi og í einhverjum tilfellum í betri námsárangri nemenda.

Kynning á verkefninu: Það hefur farið mjög mikið fyrir kynningum og frásögnum á verkefninu á starfsmannafundum og það hefur haft þau áhrif að starfsmenn eru meðvitaðri um mikilvægi móðurmálskennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna. Markmið okkar var að sinna þessum hópi nemenda betur og að þannig myndum við styrkja sjálfsálit þeirra, við teljum að sú vinna sé í góðum farvegi og hún mun halda áfram.

Markmiðin voru:

- Að efla trú nemenda af erlendum uppruna á eigin námsgetu:
 - Með því að bjóða upp á móðurmálskennslu hefur áhugi og dugnaður þessara nemenda aukist
 - Þau hafa meira sjálfsálit og virka glaðari
- Að nemendur af erlendum uppruna standi sig vel í námi
 - Þeir nemendur sem hafa þegið heimanámsaðstoð standa að okkar mati betur að vígi og líður betur með sín verkefni
- Að efla sjálfsálit nemenda af erlendum uppruna
 - Það teljum við gerast með móðurmálskennslunni og heimanámsaðstoðinni.
- Að vinna markvisst gegn fordómum
 - Þau eru reglulega minnt á mikilvægi þess að sinna sínum móðurmálum og hve heppin þau eru að eiga tvö.
 - Bekkjarfélagar þessara nemenda, sem eru í flestum bekkjum skólans, hafa fengið kynningu á kennslunni og eru vel meðvitaðir um mikilvægi þess (næst á dagskrá er að bjóða þeim að koma í tíma)
- Að finna kveikju að metnaði fyrir nemendur
 - Það var mjög ítarlega rætt á skólabinginu sem áður hefur verið lýst.
- Að nemendur finni tilgang með náminu.
 - Tilgangur með náminu er að efla samskiptahæfni milli nemenda, foreldra og fjölskyldu í viðkomandi landi. Sömu leiðis leggjum við áherslu á að nemendur fái kynningu á siðum og menningu síns lands.
- Að auka samvinnu heimilis og skóla
 - Talaði við foreldra þessara barna á foreldrafundum í vetur og átti samtalið við þau nú í maí.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

- Nemendur, foreldrar og umsjónarmaður verkefnisins munu kynna verkefnið á aðalfundi foreldrafélagsins í haust.
- Skýrsla birt á heimasíðu skólans og í fréttabréfi frá skólastjóra.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa Sprotasjóð um:

Í upphafi vorum við bjartsýn en reiknuðum alveg eins með einhverjum mótmælum frá foreldrum þar sem móðurmálskennslan og heimanámsaðstoðin er að loknum venjulegum skóladegi. Undirtektir fóru fram úr okkar björtustu vonum og urðu til þess að við sóttum aftur um styrk og ætlum að þróa kennsluna áfram í samvinnu við Móðurmál, Renötu. Nú í lok maí verður samráðsfundur þar sem kennarar námskeiðanna, Renata og undirrituð munu hittast og fara yfir verkefnið í heild sinni

Við erum mjög ánægð með það að hafa fengið styrk til að halda áfram og bindum miklar vonir við bætt gengi nemenda af erlendum uppruna í námi og meiri vellíðan og aukið sjálfstraust þeirra. Að þau hafi trú á eigin getu!

Vogum í maí 2017

Svava Bogadóttir, skólastjóri og verkefnisstjóri